

Dagskrá stjórnarfundar nr. 7

12. desember 2012 kl. 17:00 á skrifstofu HRFÍ

Mættir: Anna María Flygenring, Auður Sif Sigurgeirsdóttir varamaður, mætt sem aðalmaður í forföllum Björns Ólafssonar, Delia Howser, Jóna Th. Viðarsdóttir, Guðmundur A. Guðmundsson, varamaður, Ólafur E. Jóhannsson, Valgerður Júlíusdóttir, framkvæmdastjóri

1. Ráðning framkvæmdastjóra HRFÍ

Jóna Björk Sigurjónsdóttir frá Capacent mætti á fundinn kl.17:00 gerði grein fyrir umsóknum um starf framkvæmdastjóra HRFÍ.

2. Sólheimakot

Er stjórn heimilt að framselja þetta vald? Viðræður við forsvarsmenn Mosfellsbæjar sbr. bókun á stjórnarfundum 19. nóvember!

Bókun formanns, Jónu Th. Viðarsdóttur:

Aðalfundur HRFÍ setur félaginu lög og stjórn HRFÍ setur reglur byggðar á lögum félagsins. Ég tel útfærslu á þessum samningi og framsal valds/fjármuna til óskilgreindra aðila ekki rétta leið samkvæmt þeim ramma sem stjórn starfar eftir. Þannig er ekki ljóst við hvern félagið er að „semja“ – a.m.k. er óeðlilegt að félagið semji við sjálft sig svo „samningsaðilar“ hljóta að vera einhverjir aðrir – væntanlega þeir hinir sömu sem standa að kennitölu sem skráð hefur verið um „reksturinn“? Endanleg ábyrgð hlýtur þó ávallt hvíla á stjórn HRFÍ, sem virðist þó ekki hafa neitt um það að segja hverjir standa að þessu eða hvernig eftirliti með starfsemi og fjármunum er háttað. Það er umhugsunarefni hvers vegna meirihluti stjórnar HRFÍ er að taka þetta vald og fjármuni úr höndum stjórnar HRFÍ. Ég tel það ábyrgðarhluta meirihluta stjórnar HRFÍ að setja árlega peningaupphæð inn í óskilgreindan rekstur hulduaðila þar sem stjórn hefur engin tók á að fylgjast með ráðstöfun fjárlins. Það getur varla talist gagnsæi.

Ég ítreka aftur bókun mína frá síðasta fundi varðandi nefndir og ræktunardeildir HRFÍ: Nefndir innan félagsins eru skipaðar af stjórn HRFÍ, sem setur þeim reglur.

Ólafur E. Jóhannsson, Delia Howser og Anna María Flygenring ítreka óbreytta afstöðu þeirra um samning á milli HRFÍ og Sólheimakotsnefndar HRFÍ, sem lögð var fram á stjórnarfundum HRFÍ 21. nóvember 2012.

3. Endurskoðun á grundvallarreglum HRFÍ

Tillaga frá Vilhjálmi Ólafssyni um breytingu á grundvallarreglum HRFÍ

Núgildandi:

1.3.

Koma ekki þannig fram á sýningum, prófum eða keppnum eða hvar sem er á opinberum vettvangi að það hafi áhrif á tækifæri annarra hunda til að fá réttlátan dóm.

Tillaga að breytingu:

1.3.

Koma ekki þannig fram á sýningum, prófum eða keppnum eða hvar sem er á opinberum vettvangi að það hafi áhrif á tækifæri annarra hunda til að fá réttlátan dóm.

Félagsmáður skal ekki tala á niðrandi hátt um hunda félagsmanna, starfsmenn HRFÍ og/eða þátttakendur í viðburðum félagsins og deilda þess. Hvort sem er í ræðu eða riti, á prenti eða á vefsíðum á internetinu. Gildir þetta jafnt á viðburðum félagsins sem utan þess.

Núgildandi grundvallarreglur HRFÍ tóku gildi 1. janúar 2008. Eru þær byggðar á grundvallarreglum SKK. Núverandi grundvallarreglur SKK gilda frá 1. janúar 2009. Þyrfti að endurskoða okkar grundvallarreglur m.a. með tilliti til breytinga hjá SKK.

Samþykkt á stjórnarfundum 21. nóvember að endurskoða grundvallarreglurnar í heild sinni og leggja fram á næsta stjórnarfundum. Að beiðni framkvæmdastjóra, Valgerðar Júlíusdóttur, tók Kristín Kristvinsdóttir, búsett í Svíþjóð, að sér þýðingu á grundvallarreglum SKK á íslensku.

Jóna Th. Viðarsdóttir, formaður telur jákvætt að endurskoðun á grundvallarreglum fari fram. Mikilvægt sé þó að textinn sé skýr og framkvæmanlegur og að Siðanefnd geti unnið eftir reglum. Eðlilegt sé að fengin sé umsögn Laganefndar og Siðanefndar félagsins um slíkar tillögur áður en stjórn afgreiðir þær, og telur að það myndi líka styrkja reglurnar enn frekar að fá stuðning félagsfundar fyrir þeim.

Ólafur lagði til að fengin yrði lögfræðingur til að fara yfir tillögurnar

Guðmundur kom með skjal þar sem hann hafið borið saman sænsku grundvallarreglurnar og HRFÍ. Hann bætti inn í textann athugasemdum sem stjórnarmenn ætla að fara yfir og gera athugasemdir. Verður tekið aftur fyrir á næsta stjórnarfundi og í framhaldi að sent til umsagnar Laganefndar og Siðanefndar félagsins. Guðmundur sendir skjalið rafrænt á stjórnarmenn.

Eftir sameiginlega niðurstöðu stjórnar var samþykkt að fá lögfræðing til að fara yfir reglurnar.

4. Breytingar á reglum ræktunardeilda – VI. veiði- og vinnupróf

Tillaga frá Ólafi E. Jóhannssyni, stjórnarmanni lögð fram til kynningar á stjórnarfundi 21. nóvember.

VI. Veiði- og vinnupróf

1. Ræktunardeildum er heimilt að halda veiði- og vinnupróf að fengnu leyfi stjórnar HRFÍ. Umsóknir um veiði- og vinnupróf skulu hafa borist félaginu með þeim fyrirvara sem mælt er fyrir um í þeim veiði- og vinnuprófareglum sem gilda í hverju tilviki.
Stjórn HRFÍ getur heimilað veiði- og vinnupróf sem sótt er um með styttri fyrirvara. Nota skal dómara sem hafa viðurkennd réttindi í þeim gerðum prófa sem við á frá hundaræktarfélagum sem eru aðilar að FCI til að dæma þau próf sem haldin eru.
2. Umsókn skal fylgja fjárhagsáætlun, stað- og dagsetning prófs og hvaða deild stendur fyrir prófinu. Umsókn og fjárhagsáætlun skulu vera á þar til gerðum eyðublöðum ([Umsókn um veiðipróf](#), [Fjárhagsáætlun veiðiprófs](#)) sem aðgengileg eru á heimasíðu HRFÍ. Umsókn er metin ófullnægjandi ef niðurstaða fjárhagsáætlunar er neikvæð, þ.e. gjöld eru hærri en tekjur.
3. Hyggist deild halda fleiri en eitt próf á komandi starfsári skal sækja um þau öll í einu og skal fjárhagsleg afkoma prófanna í heild lögð til grundvallar við mat á umsókn.
4. Hagnaður veiði- og vinnuprófa rennur til ræktunardeildar sem jafnframt ábyrgist á fullnægjandi hátt tap af viðkomandi prófum, sbr. 3. tl. VI. kafla þessara reglna.
5. Tillaga um dómara sem bjóða skal með hæfilegum fyrirvara, ber að fylgja umsókn. Boð til dómara skal vera skriflegt, með bréfi eða tölvupósti, sent af formanni ræktunardeildar með afriti til framkvæmdastjóra HRFÍ.
6. Stjórn ræktunardeildar skal skipa prófstjóra sem ber ábyrgð á að framkvæmd prófs sé samkvæmt viðeigandi prófareglum HRFÍ. Jafnframt skal stjórn ræktunardeildar tilnefna fulltrúa HRFÍ sem er viðstaddur prófahaldið og ber ábyrgð á að framkvæmd prófs sé samkvæmt prófareglum HRFÍ.
7. Undirbúningur, skipulag og framkvæmd prófs er í höndum stjórnar ræktunardeildar og prófstjóra sem stjórnin tilnefnir.
Að fengnu leyfi fyrir prófi skal stjórn ræktunardeildar skila útfylltu eyðublaði ([Framkvæmd veiðiprófs](#)) til HRFÍ sem aðgengilegt er á heimasíðu félagsins.
8. Skráning á veiði- og vinnupróf og greiðsla skráningargjalds fer fram á skrifstofu HRFÍ eða með öðrum þeim hætti sem félagið samþykkir.
9. Skila ber uppgjöri til HRFÍ eftir próf ásamt reikningum. Verð veiði- og vinnuprófa og afslættir eru skv. gjaldskrá félagsins.

10. Um veiði- og vinnupróf gilda að öðru leyti reglur Hundaræktarfélagss Íslands og dómara-reglur FCI.

11. Stjórn HRFÍ er heimilt að veita undanþágu frá þessum reglum.

Allir sammála að vísa erindinu til laganefndar ásamt nýjum reglum um deildarsýningar sem búið var að samþykkja.

5. **Reglur um dómara-ráð fyrir tegundahóp 7.** Lagt fram til kynningar á stjórnarfundum 21. nóvember af Ólafi E. Jóhannssyni stjórnarmanni.

Reglur um Dómara-ráð fyrir tegundahóp 7

1. Í Dómara-ráði HRFÍ fyrir tegundahóp 7 eiga sæti þeir dómara sem réttindi hafa til að dæma í veiðiprófum í þeim tegundahópi. Dómara-ráð kys sér formann.
2. Dómara-ráð starfar í umboði stjórnar HRFÍ og er æðsti túlkunaraðili veiðiprófsreglna fyrir tegundahóp 7. Stjórn HRFÍ vísar málum er varða túlkun á veiðiprófareglum í tegundahópi 7 til úrskurðar Dómara-ráðs.
3. Dómara-ráð er stjórn HRFÍ til ráðgjafar um veiðiprófsreglur. Tillögur til breytinga á veiðiprófsreglum skal senda til Dómara-ráðs til meðferðar og umsagnar. Dómara-ráði ber að senda stjórn HRFÍ umsagnir sínar og úrskurði innan hæfilegs frests.
4. Heimilt er að endurskoða veiðiprófsreglur á þriggja ára fresti. Þeir sem heimild hafa til að gera tillögur til breytinga á veiðiprófsreglum fyrir tegundahópi 7 eru deildir í tegundahópi 7, Dómara-ráð og HRFÍ.

Tillögurnar ber að senda til stjórnar HRFÍ sem vísar þeim til Dómara-ráðs sem fer yfir og samhæfir tillögurnar og sendir til umsagnar þeirra hagsmunaaðila sem málið varðar.

Að fengnum umsögnum hagsmunaaðila leggur Dómara-ráð fyrir stjórn HRFÍ til samþykktar eða synjunar þær tillögur til breytinga sem það mælir með að gerðar verði. Dómara-ráð gerir jafnframt tillögu um hvenær áformaðar breytingar taka gildi.

5. Ef erindi sem stjórn HRFÍ vísar til Dómara-ráðs varðar hagsmuni dómara sem sæti á í Dómara-ráði vikur sá hinn sami úr ráðinu á meðan málið er þar til umfjöllunar og tekur varamaður sæti hans á meðan. Sé ágreiningur uppi um hagsmuni dómara varðandi slík málefni sker stjórn HRFÍ úr um hæfi viðkomandi dómara. Dómari skal njóta andmælaréttar í slíkum tilvikum.
6. Dómara sem sæti eiga í Dómara-ráði skulu vera virkir félagar í HRFÍ og eiga lögheimili á Íslandi. Í veiðiprófum í tegundahópi 7 má dómari ekki dæma eigin hund eða hund í eigu sinna nánustu (þ.e. maka, foreldra, systkina eða barna). Dómari skal forðast að dæma hunda úr eigin ræktun, sé þess kostur.
7. Dómara-ráð annast skipulag, undirbúning og menntun dómara samkvæmt verklagsreglum sem það setur sér.
Dómara-ráð skal útbúa og eiga kynningarefni um veiðiprófsreglur (dómarahandbók).

Dómara-ráð gefur út dómara-skírteini fyrir nýja dómara sem formaður HRFÍ staðfestir með undirritun sinni.

Dómara-ráð skal halda samráðsfund (dómara-ráðstefnu) minnst einu sinni á ári, þar sem farið er yfir og skorið úr um öll vafaatriði og óvæntar uppkomur á starfsárinu. Allir starfandi dómara hafa heimild til að sitja samráðsfundinn. Úrskurðir Dómara-ráðs eru fordæmisgefandi. Verði ágreiningur í Dómara-ráði um úrskurði ræður afl atkvæða. Falli atkvæði jöfn ráður atkvæði formanns úrslitum.

Rita skal fundargerðir á öllum fundum og ráðstefnum dómara-ráðs og senda stjórn HRFÍ afrit að fundum loknum.

8. Hafi dómari ekki dæmt á veiðiprófi í tvö ár missir hann dómara-réttindi sín. Stjórn HRFÍ getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði að fenginni umsögn Dómara-ráðs.

Jóna Th. Viðarsdóttir, formaður vill fá skriflega umsögn frá öllum deildum innan tegundahóps 7. Gott sé að fá meiri umræðu um erindið og að hafa gegnsæi. Jóna spyr hvort reglurnar eigi sér fyrirmynd eða grunn í reglum annarra NKU landa og hver hafi tekið þær saman. Gott er að hafa það staðfest ef leita þarf túlkunar síðar meir. Jóna Th. Viðarsdóttir leggur til að skoðað verði að fleiri deildir eigi fulltrúa í dómara-ráði þ.e. að dómara-ráð hafi umsjón með reglum og prófum í veiðivinnu og er t.d. í Noregi, sjá eftirfarandi: <http://web2.nkk.no/wp-content/uploads/2012/05/Mandat-NJK-24.09.2009.pdf>

Ólafur sagði að stuðst hefði verið við reglur NKK og Ferdinand Hansen hefði tekið þær saman.

6. Gæðahandbók HRFÍ – unnin af nemendum við Verkfræði- og náttúruvísindasvið H.Í.
Valgerður Júlíusdóttir, framkvæmdastjóri kynnir.

7. Önnur mál

• Útgáfa gæludýravegabréfa

Fjölmarginir félagsmenn hafa haft samband eftir fulltrúaráðsfundinn og lýst áhyggjum sínum yfir afstöðu stjórnar félagsins til þessa miklvæga máls, sbr. fundargerð 31. október sl. Kallað hefur verið eftir skýrri afstöðu stjórnar til málsins og ef stjórn er ekki sammála þá hver sé afstaða hvers stjórnarmanns.

Jóna Th. Viðarsdóttir formaður félagsins:

Styður heilshugar frumvarpið um gæludýravegabréfið, sbr. álitserð fyrri stjórnar:

http://www.hrfi.is/FileLib/skjalasafn/Fylgiskjal_nr.A-2583.pdf

Anna María Flygenring:

Styður ekki gæludýravegabréfið. Hún getur ekki tekið ákvörðun um frumvarp sem ekki er til.

Auður Sif Sigurgeirsdóttir:

Styður heilshugar fyrirhugað frumvarp um gæludýravegabréfið, sbr. álitserð fyrri stjórnar.

Delia Howser:

Styður gæludýravegabréf fyrir hunda og ketti. Hún getur ekki tekið ákvörðun um frumvarp sem ekki er til. Er jákvæð fyrir þessu þegar regluverk liggur fyrir.

Guðmundur og Ólafur:

Eins og sakir standa liggur ekkert frumvarp fyrir Alþingi um þetta mál. Flutningsmenn eldra frumvarps um gæludýravegabréf sem dagaði uppi á sínum tíma eru að endurskoða það að eigin sögn. Við erum almennt jákvæðir í garð slíkra mála að uppfylltum ströngum skilyrðum, en teljum okkur ekki geta lýst skoðun okkar fyrirfram á frumvarpi sem ekki hefur verið lagt fram á Alþingi.

Jóna og Valgerður vilja koma á framfæri til að taka af allan vafa að frumvarpið hefur tvisvar verið lagt fram, en sökum andstöðu bænda og dýralækna hefur verið komið í veg fyrir að það nái fram að ganga. Vegna þess leituðu flutningsmenn frumvarpsins til HRFÍ og óskuðu eftir stuðningi til að koma málinu í gegnum þingið.

• Alvarleg ávirðing á formann HRFÍ - Úr tölvupósti frá Deliu Howser til formanns 3. desember 2013

„Nú virðist liggja fyrir að Valgerður hefur hafið störf í Vídistaðaskóla að hluta til.

Mér hefði fundist lágmarkskurteisi að senda stjórn upplýsingar um slíkt - ég hefði ekki sett mig upp á móti því að hún byrjaði fyrr. En svona pukur og fals fer alltaf illa í mig!”

Bókun formanns Jónu Th. Viðarsdóttur:

Það er fráleitt að stjórnarmaður skuli halda því fram að “pukur” og “fals” hafi verið viðhaft um starfslok framkvæmdastjóra. Þvert á móti fóru fram umræður á stjórnarfundum þann 31. október 2012 þar sem upplýst var að framkvæmdastjóri hefði fengið aðra vinnu en myndi starfa áfram og ljúka ákveðnum verkefnum í þágu félagsins. Jafnframt var tilkynnt að framkvæmdastjórinn óskaði eftir að hætta eins fljótt og hægt væri. Engar athugasemdir voru hafðar uppi um þennan hátt á starfslokum framkvæmdastjóra á þessum stjórnarfundum. Delia Howser var í útlöndum og boðaði varamann sinn á þennan fund. Ég harma það hins vegar að þessi samskiptamáti og virðingarleysi sé í samskiptum stjórnarmanna eins og fram kemur í framlögðum tölvupósti frá Deliu Howser stjórnarmanni.

Bókun frá Deliu Howser:

Skortur á samskiptum og ónóg upplýsingagjöf frá formanni stjórnar varð til þess að undirrituð taldi að verið væri að leyna stjórnarmenn um störf framkvæmdastjóra á nýjum stað samhliða störfum hjá HRFÍ.

Virðingarfyllst,
Delia Howser

- **Stefnumótunarteymi**

Á stjórnarfundi 21. nóvember lagði Ólafur E. Jóhannsson til að Guðmundur A. Guðmundsson varamaður í stjórn komi að áframhaldandi vinnu með stefnumótunarteyminu. Ólafur ætlaði að hafa samband við Guðmund. Guðmundur hefur samþykkt að koma að þessari vinnu.

Eftirfarandi tölvupóstur barst í dag frá Súsönnu Antonsdóttur:

Úrsögn Súsönnu Antonsdóttur úr stefnumótunarteymi HRFÍ:

„*HRFÍ*

Jóna Th. Viðarsdóttir, formaður

Í framhaldi af umræðum við stjórn félagsins á stjórnarfundi 31. október s.l. hef ég ákveðið að draga mig úr Stefnumótunarteymi félagsins. Það viðmót sem við fengum á umræddum fundi frá nýjum stjórnarmeðlimum varð til þess að ég hef ekki áhuga á að starfa að þessu málefni eins og er. Ég vil taka það skýrt fram að fyrri stjórn félagsins og þeir stjórnarmenn sem þar sátu og sitja í núverandi stjórn hafa lagt sig alla fram um að aðstoða teymið með vinnuframlagi, mikilli aðstoð og hvatningu og eiga þau þakkir skildar fyrir það.

Súsanna Antonsdóttir“

Bókun formanns, Jónu Th. Viðarsdóttur:

Það er dapurlegt að dugmiklir félagsmenn, sem lagt hafa mikið af mörkum, skuli ekki treysta sér til frekari starfa fyrir félagið okkar vegna viðmóts og samkiptamáta ákveðinna stjórnarmanna. Ég vil nota þetta tækifæri og þakka Súsönnu fyrir vel unnin störf í þágu félagsins okkar.

- **Uppskeruhátið föstudaginn 4. janúar 2013**

Verður auglýst á morgun. Delia og Auður Sif ætla að sjá um undirbúning og framkvæmd og fá fleiri með sér í verkefnið. Björn sér um matseldina.

Fundi slitið kl. 19:15

Sign:

Anna María Flygenring, Auður Sif Sigurgeirsdóttir varamaður, mætt sem aðalmaður í forföllum Björns Ólafssonar, Delia Howser, Jóna Th. Viðarsdóttir, Ólafur E. Jóhannsson.